

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 18. október 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Birgir Guðjónsson.*

Nr. 444.

23. október 1979.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá Minningarsjóðs Ásdísar M. Sigurðardóttur frá Miklaholti, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. október 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**minningarsjóðs Ásdísar M. Sigurðardóttur frá Miklaholti.**

## 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 6. júlí 1966 af Magnúsi Sigurðssyni til minningar um eigin konu hans, Ásdísi M. Sigurðardóttur.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur —. Tekjur hans verða minningargjafir, er honum kunna að berast, og vextir af höfuðstól hans.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að tryggja kirkjuhald að Miklaholti á Snæfellsnesi. Skal verja tekjum sjóðsins til að viðhalda, bæta og fegra kirkju staðarins, eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins á hverjum tíma, að svo miklu leyti, sem annað fé kirkjunnar hrekkur ekki til.

## 4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu sýslumanns Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og er hann formaður sjóðsstjórnar. Aðrir stjórnarmenn skulu vera sóknarprestur Miklaholtskirkju og formaður safnaðarstjórnar Miklaholtssóknar. Reikningar skulu árlega endurskoðaðir af endurskoðendum sýslureiknings Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Afrit reikninganna skal afhendast biskupi og geymast við embætti hans.

## 5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í banka með ríkisábyrgð eða í ríkistryggðum verðbréfum með verðtryggingum ef auðið er.

## 6. gr.

Fari svo, að eigi reynist auðið að tryggja kirkjuhald að Miklaholti, skal sjóðsstjórnin — í samráði við biskup og þjóðminjavörð — breyta stofnskrá þessari á þann veg, að tekjur sjóðsins renni til varðveislu kirkjuhúss og kirkjumuna í Miklaholti, þannig að fornhelgi staðarins falli ekki í gleymsku.

## 7. gr.

Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðherra á stofnskrá þessari, er síðar verði birt í Stjórnartíðindum.

1. nóvember 1979.

Nr. 445.

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 186/1976 um meinatækna.**

## 1. gr.

3. gr. orðist svo:

Ráðherra getur veitt öðrum en þeim, sem 2. grein tekur til, löggildingu, enda sanni viðkomandi að hann hafi menntun, sem sé sambærileg við próf úr viðurkenndum meinatæknaskóla skv. 2. gr.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 64/1971 um tækni-menntaðar heilbrigðisstéttir, öðlast gildi nú þegar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 1. nóvember 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Páll Sigurðsson.*

1. nóvember 1979.

Nr. 446.

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 101/1977 um breytingu á reglugerð nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.**

## 1. gr.

4. gr. 3. mgr. reglug. nr. 101/1977, sbr. 9. gr. 6. tl. reglugerðar nr. 250/1976 orðist svo:

9.6. Séu kjöt og kjötvörur, fiskur og fiskmeti eða aðrar viðkvæmar neysluvörur, t. d. álegg, seldar í luktum umbúðum (þar á meðal lagmeti) eða hraðfrystar, skal á þökkunarstað skráð dagsetning á umbúðir og síðasti leyfilegur söludagur þannig: „Pakkað ....“ „Síðasti söludagur ....“.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og með stoð í lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og með stoð í lögum nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi 1. janúar 1980.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. nóvember 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Páll Sigurðsson.*